



REKSTARLEYFI

Með vísan til III. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi veitir Matvælastofnun hér með rekstrarleyfi til neðangreinds.

Leyfishafi: Laxey hf.
Kennitala: 660521-1270
Starfsstöð: Viðlagafjara
Strandvegi 104, 900 Vestmannaeyjar
Rekstrarleyfisnúmer: FE-1212
Leyfið gildir til: 21.06.2040

Starfsemi:

AE 1 – Lax / Salmo Salar

AE 2 – Regnbogasilungur – Oncorhynchus mykiss

Í gildi frá:

21.06.2024

21.06.2024

Landeldi. Hámarks lífmassi 7.000 t. Matfiskeldi. Frjór lax: StofnFiskur. Regnbogi: Danmörk

Á gildistíma leyfisins skal fara fram vöktun og rannsóknir af hálfu rekstrarleyfishafa til að meta vistfræðileg áhrif á nánasta umhverfi eldisstöðvarinnar.

Variðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski skulu vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila, og áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slyssleppinga sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Rekstrarleyfishafi sem missir fisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu.

Rekstrarleyfishafa ber skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldistaxa sem byggir á gagnagrunni um erfðæfni hjá framleiðanda hrognna.

Leyfið er bundið við ofanskráða kennitölu, starfsemi og ræktunarsvæði. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum og reglugerðum. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Matvælastofnunar.

Leyfi þetta er gefið út skv. reglugerð nr. 462/2021 /sem innleiðir reglugerð ESB nr.2016/429) um smitandi dýrasjúkdóma, með síðari breytingum og ber rekstrarleyfishafa að uppfylla ákvæði reglugerðarinnar.

Gildistaka rekstrarleyfis er háð úttekt Matvælastofnunar og að leyfi til mannvirkjagerðar sé til staðar. Gildistaka rekstrarleyfis fiskeldisstöðva á landi er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettu í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Rekstrarleyfið er háð skilyrðum reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna, sem kunna að verða settar á grundvelli laga 71/2008 um fiskeldi.



Karl Steinar Óskarsson

Karl Steinar Óskarsson deildarstjóri fiskeldis